



strætó.is

Hafnarfjarðarbær  
Ráðhúsi Hafnarfjarðar  
Strandgata 6  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 23. janúar 2014

### Vegna vinnu við leiðakerfisbreytingar 2015

Strætó bs. er að hefja vinnu vegna leiðakerfis sem tekur gildi sunnudaginn 4. janúar 2015 annarsvegar (vetraráætlun) og hinsvegar sunnudaginn 7. júní 2015 (sumaráætlun). Samkvæmt verklagsreglum samþykktum af stjórn Strætó bs. skal tilkynna væntanlegar breytingar til aðildarsveitafélaganna.

Jafnframt er með bréfi þessu óskað eftir tillögum eða óskum um úrbætur eða breytingar á leiðakerfi hjá ykkur ef einhverjar mættu vera.

Strætó bs. stendur að sjálfsögðu til ráðstöfunar til funda um óskir sveitafélaga eða fagráða um breytingar auk kostnaðaráætlana vegna þeirra. Óskir um breytingar þurfa að hafa borist Strætó bs. í síðasta lagi 13. júní 2014.

Skipulags og þróunarsvið metur að eftirfarandi úrbætur séu nauðsynlegar fyrir akstursárið 2014.

- Að þjónustan á helstu leiðum byrji allt að þremur tímum fyrr á sunnudögum. Margar kvartanir berast frá notendum leiðakerfisins vegna þessa. Kostnaður er áætlaður að vera um 60 millj. kr.
- Möguleg tenging við iðnaðarhverfið Hellnahraun. Kostnaður, sbr. minnisblaði frá 22. nóvember 2013, er áætlaður að vera 18-27 millj. kr.

Óskað er eftir því að Hafnarfjarðarbær afgreiði þetta erindi. Allri vinnu og þar með formlegri afgreiðslu fyrir allar breytingar fyrir árið 2014 þarf að vera lokið í síðasta lagi 15. ágúst 2014. Stjórn Strætó bs. þarf að samþykkja fjárhagsáætlun Strætó bs. á fundi sínum í lok ágúst til afgreiðslu fyrir öll aðildarsveitafélög.

Bestu kveðjur

Einar Kristjánsson  
Sviðsstjóri skipulags og þróunarsviðs